*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 140/759*
*komudagur 9.12.2011*

**Velferðarþjónusta Árnesþings**

Skrifstofa Alþingis
Nefndarsvið
Alþingshúsinu
150 Reykjavík.

Hveragerði 9. desember 2011.

**Erindi:** Umsögn Velferðarnefndar Árnesþings vegna þingskjals 21 – 21. mál. Tillaga til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.

Að mati Velferðarnefndar er mikilvægt að bjóða upp á heimsóknir til eldri borgara sem ekki njóta heimaþjónustu. Velferðarnefnd hefur í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands tekið þátt í heilsueflandi heimsóknum til eldri borgara, en þær heimsóknir eru skipulagaðar af Heilbrigðisstofnuninni. Heimsóknir hafa verið farnar einu sinni á ári og til allra sem náð hafa 80 ára aldri og njóta ekki heimahjúkrunar né heimaþjónustu. Þessi þjónusta er ekki lögbundin og hefur bæst við vinnu starfsmanna sem þegar hafa nóg fyrir stafni. Er það mat nefndarinnar að það sé mikilvægt að félagsþjónusta og heilsugæsla vinni saman að þessu verkefni og að kostnaður vegna þess skiptist niður á báða aðila.

Virðingarfyllst

F.h. Velferðarnefndar Árnesþings

María Kristjánsdóttir

María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri

Uppsveitir Árnessýslu og Flóa
Laugarási
801 Selfoss
480-5305

Hveragerðisbær
Sunnumörk 2
810 Hveragerð
483-4000

Sveitafélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
480-3800